

# Golfvöllur við Rif tekur á sig mynd



Fyrir nokkrum árum tók Golfklúbburinn Jökull í samráði við Snæfellsbæ ákvörðun um að útbúa nýjan golfvöll við flugvöllinn á Rifi frekar enn að eyða frekara púðri í að viðhalda Fróðársvelli sem hefur verið í notkun hjá fé-

laginu síðan 1980. Nú vinna félagar í Golfklúbbnum Jökli hörðum höndum við að búa til 9 holu golfvöll á vallarsvæði sem er á mun betri stað hvað varðar skjól í ríkjandi vindáttum á svæðinu auk þess sem nálægðin við Snæfells-

jökul gerir staðsetninguna mun áhugaverðari. Nú þegar hafa flatir verið mótaðar og sáð og borð á þær. Sjöunda og áttunda flöt á vellinum eru tilbúnar en mikil vinna er ennþá eftir og stefnt er að því að opna golfvöllinn árið 2025.

Margir hafa komið að þeirri miklu vinnu sem nú hefur farið fram á vellinum og vantar alltaf auka hendur í áframhaldandi vinnu á vellinum.

SJ

  
FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

  
VÉLSMIÐJA  
GRUNDAFJARÐAR

- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Verkföll framundan í Snæfellsbæ

Verkfallsaðgerðir eru í fullum gangi þessa dagana hjá félagsmönnum félaga sem eru undir BRSB. Verkföll voru fyrst boðuð í sundlaugum og íþróttamiðstöðvum Snæfellsbæjar frá 27.-29. maí auk verkfalla á leikskólum frá 30. maí - 1. júní. Dagana 16.-19. maí stóð yfir atkvæðagreiðsla um áframhaldandi verkfallsaðgerðir og samþykktu 86,81% félagsmanna verkfallsboðun. Þátttaka í kosningunni var 70,54% en 91 af alls 129 þeirra sem voru á kjörskrá tóku þátt. Í tilkynningu frá Kili til þátttakenda í verkfallskosningu segir að þessar áframhaldandi verkfallsaðgerðir feli í sér verkfall hjá starfsmönnum sundlauga og íþróttamiðstöðva Snæfellsbæjar

ótímabundið frá 5. júní. Auk þess fara leikskólar bæjarins í verkfall frá 5. júní-5. júlí, starfsmenn ráðhúss Snæfellsbæjar frá 5. júní-5. júlí og starfsmenn áhaldahúss Snæfellsbæjar frá 5. júní-16. júní.

Kröfur Kjalar og annarra BSRB félaga eru að jöfn laun og kjör verði tryggð fyrir jafnverðmæt, sömu og sambærileg störf hjá sveitarfélögum frá 1. janúar 2023. Þau vilja einnig að launamismunur milli starfsfólks sveitarfélaga og starfsfólks Reykjavíkurborgar verði leiðréttur hvað varðar grunnlaun og aukagreiðslur en einnig að mismunandi greiðslur til sjóða félagsmanna frá 2016 verði leiðréttur til jafns við aðra.

JÓ

# Þrír kórar leiddu saman hesta sína

Freyjukórinn í Borgarfirði, Karlakórinn Heiðbjört og Kvenna-sveitin Skaði héldu sameiginlega tónleika í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi á Uppstigningardaginn, 18. maí. Nýja Þjóðgarðsmiðstöðin er bygging sem býður upp á frábæra aðstöðu til tónleikahalds og þegar þessir þrír kórar leiddu saman hesta sína varð úr frábær söngskemmtun. Kórarinn þrír fengu þann heiður að fá að halda fyrstu kórtónleikana í nýbyggingunni og fluttu þar ljúfa tóna fyrir fjölda gesta. Sungu kórarinn undir stjórn Hólmsfríðar Friðjónsdóttur og Elena Makeev lék undir. Kórarinn fluttu bæði lög hver fyrir sig auk þess sem þeir



sameinuðu krafta sína í öflugum flutningi sem naut sín vel í Þjóðgarðsmiðstöðinni en hljómflutningur í húsinu er með eindæmum góður. SJ



## Komu blóðbíls aflýst

Í síðasta tölublaði Jökuls var auglýsing þar sem koma blóðbankabílsins var boðuð í þessari viku, langt er síðan bíllinn kom síðast og því líklegt að margir hafi beðið spenntir eftir að leggja inn í Blóðbankann.

Því miður þurfa blóðgjafar að biða með að gefa blóð því að veður í vikunni er þess valdandi að hætta þurfti við komu bílsins. Í tilkynningu frá Blóðbankanum kemur fram að gert er ráð fyrir að næsta koma bílsins verði í haust.

JÓ

## FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)

CERTIFIED SUSTAINABLE SEAFOOD MSC [www.msc.org](http://www.msc.org)

## JÖKULL

Upplag: 500  
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson  
Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ  
Netfang: [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)  
Sími: 436 1617

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,  
Blaðið kemur út vikulega.

## Getraunir 1x2

Fjölmargir heimsóttu okkur síðasta laugardag í Átthagastofuna og var góð stemning á staðnum. Fólk spennt fyrir leiknum hjá Víkingunum, sem var seinna um daginn. Uppskeran úr getrauna spekinni var þó frekar léleg, því aðeins einn aðili náði í vinning. Sá kíkta inn og bað um nokkrar raðir með sjálfvali. Uppskeran hjá viðkomandi varð nánast þreföldun á upphæðinni, sem keypt var fyrir. Svona einfalt er það að vera með! Á laugardaginn er síðasta umferðin í enska boltanum þetta tímabil og einnig hjá okkur. Við vilj-

um því þakka þeim fjölmörgu, sem hafa komið, og styrkt okkur. Sérstaklega viljum við þakka þeim fjölmörgu traustu Víkingum, sem tóku þátt í sameiginlega seðlinum í allan vetur. Það munaði verulega um það. Vonandi fáum við að njóta krafta þeirra næsta keppnistímabil, sem byrjar í haust. Enn þennan síðasta laugardag verðum við í Átthagastofunni með kaffi á könnunni og eitthvað með því. Sami tími sem fyrr, á milli klukk- an 11 og 12.

**Afram Víkingur.**

## Aflafréttir

Dagana 15. til 21. maí komu á land í höfnum Snæfellsbæjar alls 803 tonn í 218 löndunum. Í Rifshöfn var landað 393 tonn- um í 83 löndunum, 368 tonn- um í 94 löndunum í Rifshöfn og á Arnarstapa 42 tonnnum í 41 löndun. Þessa sömu daga lönduðu 35 handfæra bátar 44 tonnnum í 60 löndunum í Rifshöfn. 42 hand- færa bátar lönduðu 53 tonnnum í 70 löndunum í Ólafsvíkurhöfn og á Arnarstapa lönduðu 22 hand- færabátar 34 tonnnum í 40 löndun- um. Hjá dragnóta bátunum land- aði Steinunn SH 74 tonnnum í 2, Ólafur Bjarnason SH 54 tonnnum í 4, Rifsari SH 37 tonnnum í 3, Eg- ill SH 33 tonnnum í 2, Guðmund- ur Jensson SH 32 tonnnum í 2, Sax- hamar SH 32 tonnnum í 3, Esjar SH 27 tonnnum í 3, Sveinbjörn Jakobs- son SH 20 tonnnum í 2, Gunnar Bjarnason SH 19 tonnnum í 1 og

Bárður SH 7 tonnnum í 2 löndun- um. Hjá litlu línu bátunum land- aði Tryggvi Eðvarðs SH 36 tonnnum í 4, Gísli Súrsson GK 27 tonnnum í 3, Stakkhamar SH 23 tonnnum í 3, Lilja SH 17 tonnnum í 2, Kristinn HU 16 tonnnum í 2, Brynja SH 11 tonnnum í 1 og Sverrir SH 2 tonnnum í 1 löndun. Hjá stóru línu bátun- um landaði Örvar SH 103 tonn- um í 2 og Rífsnes SH 77 tonnnum í 1 löndun. Einn neta bátur land- aði Bárður SH og landaði hann 15 tonnnum í 3 löndunum.

192 tonn komu á land í Grundar- fjarðarhöfn í 20 löndunum. Hjá botnvörpu bátunum landaði Hr- ingur SH 78 tonnnum í 2, Sigur- borg SH 51 tonni í 1 og Farsæll SH 50 tonnnum í 1 löndun. Þessa daga lönduðu 14 handfæra bát- ar 12 tonnnum í 16 löndunum í Grundarfjarðarhöfn.

PA



# Útkall vegna slasaðs sjómanns



Rétt eftir klukkan 6 sunnudagsmorguninn 21. maí fékk Björgunarsveitin Lífsbjörg útkall vegna skipverja á togskipi sem slasast hafði þegar brotsjór skall á skipið sem státt var út af Snæfellsnesi. Björgunarskipið Björg sigldi á staðinn með fjóra björgunarsveitarmenn, sjúkraflutningamenn og lækni sem undirbjuggu sjúklinginn fyrir flutning með þyrilu. Rétt fyrir klukkan hálf

8, eða einni og hálfri klukkustund síðar var þyrila Landhelgisgæslunnar komin á staðinn, hífingum við skipið lokið og skipverjinn kominn um borð í þyriluna. Flogið var með hann á Landspítalann til aðhlyningar. Meðfylgjandi mynd er af Facebook síðu Björgunarsveitarinnar Lífsbjargar frá útkallinu á sunnudaginn var. SJ



**Við bjóðum upp á alhliða bílaviðgerðir, dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

## Leiðrétting

Í grein um sjóstangveiðimót í síðasta Jökli var rangt farið með föðurnafn eins keppenda mótsins. Björg Guðlaugsdóttir var sögð Guðmundsdóttir á tveimur stöðum í umfjölluninni og er beðist velvirðingar á því.

JÓ



# FERMINGAR MESSA

Grundarfjarðarkirkju

Hvítasunnu 28. maí kl. 11.00

Fermd verða

Anna Bryndís Aðalsteinsdóttir

Sól Jónsdóttir

Alexandra Björg Andradóttir

Haukur Smári Ragnarsson

Ásgeir Veigar Sólbergsson

Reynir Már Jónsson

Fanney María Jónsdóttir

Velkomin öll og alltaf

## Sumardagskrá Kríubóls



Núna er sumardagskrá Kríubóls hafin og er ýmislegt sem við ætlum að bralla í sumar. Tveir elstu árgangarnir á Sólbergi 2018 og 2019 fara alla þriðjudaga í vettvangsferð í Tröð ef veður leyfir og grilla mat, gera ýmis konar leikur að læra verkefni og auðvitað leika

í skóginum. Á fimmtudögum fer öll deildin í vettvangsferð og þá gerum við eitthvað skemmtilegt í hverri ferð. Á Sæbóli skiptast hóparnir á að fara í vettvangsferðir á þriðjudögum og fimmtudögum.

Starfsfólk Kríubóls



# SJÓMANNAHÓF SNÆFELLSBÆ

KLIFI LAUGARDAGINN 3. JÚNÍ 2023

**MIÐASALA Í FÉLAGSHEIMILINU KLIFI  
LAUGARDAGINN 27. MAÍ KL. 16 - 18**

**MIÐAVERÐ Á SJÓMANNAHÓF:** 16.000 KR.  
HÚSIÐ OPNAR KL. 19.15  
OG HEFST BORDHALD KL. 20.00

SELT VERÐUR INN Á BALLIÐ EFTIR KL. 23.30  
**MIÐAVERÐ Á BALL:** 3.000 KR.  
SNYRTILEGUR KLÆÐNAÐUR

**RÚTUFERÐIR VERÐA TIL OG FRÁ  
HELLISSANDI OG RIFI**

**POSI Á STAÐNUM**

**NÁNARI UPPLÝSINGAR:**  
ODDUR S. 868 1018

Verkalýðsfélag Snæfellinga auglýsir

## Launafólk athugið ORLOFSUPPBÓT 2023

Minum félagsmenn á rétt sinn á að fá greidda orlofsuppbót/persónuuppbót, en það er föst fjárhæð sem atvinnurekendur er skylt að greiða starfsfólki sínu ár hvert.

**Starfsfólk á almennum vinnumarkaði:**

56.000 kr. miðað við fullt starf og greiðist 1. júní.

**Starfsfólk hjá ríkinu:**

53.000 kr. miðað við fullt starf og greiðist 1. júní.

**Starfsfólk sveitarfélaga:**

55.700 kr. miðað við fullt starf og greiðist 1. maí.